
Stjórnarfundur 7.apríl 2021 kl.19:30 á Eyrarvegi 23

Mættir: Garðar, Anna María, Jófríður og Systa.

Mótaskrá, mótanefnd: Setja þarf upp mótaskrána, ekki hefur fundist fólk í mótanefnd en við þurfum að kynna starfsemi klúbbsins á opnum fundi og reyna að virkja félag.

2.deild kvenna: GSÍ hafði sambandi við Garðar og verður hann dómari í 2. deild kvenna sem spiluð verður á Bárarvelli í sumar.

Ráðning starfsmanna á völlinn: Valtýr ráðinn sem vallarstjóri og starfsmaður vallar, ath. hvort við getum ráðið annan starfsmann í gegnum atvinnuþryggingarsjóð.

Skáli, starfsmenn : Hugmynd er um að starfsmaður skála geti starfað frá 15. maí til 20. sept., 6 tíma á dag fimmtudag til sunnudags, svo auka ef það eru stærri mót. Áætlað er að ræða við Þórey og Steinunni næstu daga um áhuga þeirra á áframhaldandi veru í skálanum.

Félagsgjöld: Stjórnin er sammála um það að taka þarf fyrir á næsta aðalfundi að ákveða grunnvallargjöld og samræma afslætti á gjöldum til jafns á milli eldri borgara sem hjóna – einstaklings árgjalda, og taka þá viðmið af árgjöldum hjá sambærilegum klúbbum

Golfhermir: Ekki er talin grundvöllur fyrir klúbbinn að fara í þessa fjárfestingu að svo stöddu, vegna kostnaðar. Bæjarráð tók annars vel í fyrirspurn formanns að útvega húsnæði, og nefndu Samkomuhúsið til afnota í 1-2 daga í senn.

Framhvæmdarráð: Gústi, Steinar og Hermann ástandskoðuðu skálann og það þarf að laga öndun undir klæðningu svo þetta er aðeins kostnaðarsamara en þeir töldu en halda að þetta verði í kringum 1.000,000 kr – vsk en staðfest tilboð í efni er ekki komið, framhald sett í hendur nefndar.

GSÍ kort : Þau sem fá GSÍ kort fyrir árið 2021 eru Garðar, Helga Ingibjörg, Anna María, Jófríður, Valtýr, Ragnar, Hermann, Hugrún, Ásgeir, Hinrik, Kristín og Guðni, og 2 aukakort ef fleiri bætast við í mótanefnd samtals 14 kort.

Næsti fundur 19. apríl kl 19:30
Fundu slitið 20:35